

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 343/2023

frá 8. desember 2023

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1297 frá 22. júlí 2022 um hæfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1298 frá 22. júlí 2022 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ⁽²⁾.
- 3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/485/ESB ⁽³⁾ og framkvæmdarákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1155 ⁽⁴⁾ og (ESB) 2016/1156 ⁽⁵⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, hafa úrelst og ber því að fella þær brott samkvæmt EES-samningnum.
- 4) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXII. viðauka við EES-samninginn:

1. Texti liðar 10fc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/485/ESB) fellur brott.
2. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 10fe (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1156):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 196, 25.7.2022, bls. 134.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 196, 25.7.2022, bls. 138.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 240, 11.9.2010, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 190, 15.7.2016, bls. 80.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 190, 15.7.2016, bls. 83.

„**32022 D 1297**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1297 frá 22. júlí 2022 um hæfi lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjttíð. ESB L 196, 25.7.2022, bls. 134).“

3. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 10ff (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1155):

„**32022 D 1298**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1298 frá 22. júlí 2022 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki lögbærra yfirvalda í Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjttíð. ESB L 196, 25.7.2022, bls. 138).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðana (ESB) 2022/1297 og (ESB) 2022/1298, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.